## MOLDUN

Dagurinn kveður, mánans bjarta brá
blikar í skýjasundi.
Lokkar í blænum, leiftur augum frá,
loforð um endurfundi.

Góða nótt – góða nótt.

Gamanið líður fljótt.
Brosin þín bíða mín,
er birtan úr austri skín.
Dreymi þig sólskin og sumarfrið,
syngjandi fugla lækjarnið.

Allt er hljótt – allt er hljótt,
ástin mín – góða nótt.

Góða nótt – góða nótt.
Góða nótt – góða nótt.
*Oddgeir Kristjánsson - Ási í Bæ*

## BLESSUN

## EFTIRSPIL

„Á æðruleysinu"
*Kristján Kristjánsson*









Prestur: Séra Alfreð Örn Finnsson
Organisti: Jón Ólafur Sigurðsson
Gítar og söngur: Kristján Ingimarsson
Kór: Kirkjukór Stöðvarfjarðar- og Heydalakirkna

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug
og bjóða kirkjugestum að þiggja veitingar
að athöfn lokinni á Hótel Breiðdalsvík.

Skyndiprent

# *Garðar Þorgrímsson*

*Fæddur 9. október 1932*
*Dáinn 4. ágúst 2022*



*Útför frá Heydalakirkju*
*13. ágúst 2022*

## FORSPIL

„Nú andar suðrið“

*Jónas Hallgrímsson - Ingi T. Lárusson*

## BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:,:Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýttri braut
glaður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín
hefur mig, Guð, til þín,
hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

*Adams - Sb. 1945 - Matthías Jochumsson*

## RITNINGARORÐ

„Um sundin blá“

*Þormar Ingimarsson - Tómas Guðmundsson*

## GUÐSPJALL

Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár.
Nú fellur heitur haddur þinn
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tárin kvika' á kinn
þau kyssir geislinn þinn.

Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægrin löng,
og heim í sveitir sendirðu' æ
úr suðri hlýjan blæ.

Þú fróvgar, gleður, fæðir allt
um fjöll og dali' og klæðir allt,
og gangirðu' undir gerist kalt,
þá grætur þig líka allt.

Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

*Bjarni H. Helgason - Guðmundur V. Jónatansson*

## MINNINGARORÐ

Lít ég yfir liðinn tíma,
ljúft mér brosti sérhvert vor,
fjær þá vetrar færðist gríma,
fann ég yngjast hug og þor.

Hjartans þakkir Hilmir hæða,
hverja fyrir náðargjöf.
Hvert eitt sár er hætt að blæða,
heims er veittist mér á för.

Æsku vorið er nú liðið,
elli húmar hinsta kvöld.
Lít ég yfir lífsins sviðið,
leiðarinnar nálgast gjöld.

Ó að hinsta hljóti ég blundinn,
hægt og létt á vorsins tíð,
þegar lognró sefar sundin,
signir eygló geisla fríð.

Verði sólrík ykkar æfi,
æsku meðan þroskast rós,
allan myrkva sorga svæfi sælu
Guðsins náðar ljós.

Hvar sem fætur flytja náið,
feril dulda lífsins á,
bið ég drottins fylgd þið fáið,
fyllt er ósk míns hjarta þá.

*Bjarni H. Helgason - Guðmundur V. Jónatansson*

## BÆN

„Kveðja“

*Bubbi Morthens*

## FAÐIR VOR

„Hafið bláa hafið“

*Friðrik Bjarnason - Örn Arnarson*